

1870.

21. febrúar.

12. Ágrip úr umburðarbréfi aðalpóststjórans í Kaupmannahöfn til póstumsjónarmanna, og allra póstaafgreiðslumanna og póstskrifstofanna, um fyrirkomulagið á póstsendingum milli Danmerkur og Íslands.

Póststjórnin tekur að sér póstgufuskips-ferðirnar milli Danmerkur, Færeyja og Íslands í öndverðum næsta mánuði, þá er póstgufuskipið leggur af stað í fyrsta skipti. Fyrir þessa sök hefir póststjórnin sett afgreiðslumenn handa póstinum og gufuskipinu í Þórshöfn á Færeyjum, og sömuleiðis í Reykjavík og á Seyðisfirði á Íslandi¹.

Um þessar póstsamgöngur er komin út reglugjörð (25. ágúst f. á.) og auglýsing (28. septbr. f. á.) handa þeim, sem eiga heima á Íslandi og Færeyjum, og sendum vör yður hér með nokkur exemplar af reglugjörðinni og auglýsingu til leiðbeiningar; enn fremur er út gengin 18. þ. m. auglýsing handa þeim, sem eiga heima í konungsríkinu.

Um leið og vör sendum yður eitt exemplar af þessari auglýsingu til leiðbeiningar og eptirbreytni, skal þessa getið:

a. Sendingum þeim, sem hér er getið um, verður ekki komið með hraðboða.

b. Á peningabréf frá Íslandi og Færeyjum á ekki að setja innsigli póstsins, ef peningarnir í bréfinu eru ekki taldir; á peningabréf frá Íslandi og Færeyjum skal ávallt láta 5 innsigli.

c. Með bögglum, er sendir eru milli Íslands og Færeyja, skal ávallt vera fylgibréf.

d. Ekki verður slakað neitt til um burðareyri undir sýnishorn af vörum, sem send eru milli Íslands og Færeyja, eins og tíðkast í konungsríkinu.

¹) Póstaafgreiðslumennirnir eru þessir:

Í Granton Turnbull, Salvesen & Co.

- Leirvík Hay & Co.

- Þórshöfn Müller, sýslumaður.

- Reykjavík Óli Finsen.

á Seyðisfirði Sýslumaður, kansalliráð O. W. Smith.

e. Undir sendingar til konungsættarinnar og yfirvalda í konungsríkinu, á Íslandi eða Færeyjum, má ekki borga neitt.

1870
21. febrúar.

f. Bréf, peningabréf og böggla til yfirvalda í konungsríkinu má senda kauplaust, ef það, sem sent er, kemur frá konunglegum embættismönnum þeim, er hér skal greina.

á Íslandi: stiptamtanni, amtmönnum, landfógeta, bæjarfógeta, sýslumönnum, háyfirdómara hins íslenska landsyfírættar, biskupi, héraðslæknum, forstöðumanni prestaskólans, og skólameistara hins lærða skóla í Reykjavík,

á Færeyjum: amtmanni, landfógeta, svaraskrifara, sóknarprestum, og hinum fyrsta kennara við realskólann í Þórshöfn,

með því móti, að sendingin aðeins snerti einbert ríkismál (aftur á móti verður að borga burðareyri, ef sendingin snertir einstök sveitafélög, sveitastofnanir eða sérstök mál manna), og að endingu með því skilyrði, að sá embættismaður, sem sendir bréfið af stað, riti neðst vinstramegin á bréfið „Statstjenstlig Sag“ og þar undir nafn sitt með eigin hendi.

Um það, sem verður sent hëðan frá konungsríkinu án þess að borgað sé undir það, gildir slíkt hið sama, og fyrir er mælt um þessháttar sendingar í sjálfu konungsríkinu.